

Sendandi: Svanur Sigurbjörnsson, læknir, MA í hagnýtri siðfræði, svanurmd@gmail.com s: 896 3465

Til nefndasviðs Alþingis

Dags. 11. janúar 2022

Umsögn um Lagafrumvarp um **Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi).**

15. mál. 152. löggjafarþings 2021-2022. (endurflutt)

Umsögnin færir rök með lagafrumvarpinu, það er banni á blóðmerahaldi út frá siðfræðilegum forsendum.

Siðferði blóðmerahalds

Undanfarnar vikur hefur mikið verið rætt og skrifað um blóðmerahald á Íslandi í kjölfar heimildarmyndar dýraverndarsamtaka¹ sem sýndi harkalegar aðfarir að fylfullum merunum við þær blóðtökur sem framkvæmdar eru reglubundið til að afla hormónsins equine Chorionic Gonadotropin, eCG. Hormónið er til ýmissa nota, mestmegnis þó til að stilla gangmál búfænaðar eins og svína, sauðfés og nautgripa og auka þannig kjötframleiðslu. Til er annað efnafræðilega tilbúið lyf (cloprostenol) sem gegnir sama tilgangi fyrir búfjárræktendur. Í siðferðilegu tilliti er þetta mikilvæg staðreynd því hún bendir á að það sé til annar valkostur sem felur ekki í sér þjáningu blóðmera.

Óréttmæt þjáning

Í siðferðilegu tilliti skiptir mestu máli hvort þau dýr sem eru til ýmissa nytja manna séu ekki látin endurtekið og markvert þjást fyrir markmiðið. Dýr eru ekki lengur talin skynlaus og gleymín tæki manna líkt og lengi var haldið fram. Við blóðtökur á blóðmerum er stórri nál stungið í æð á hálsi hestsins eftir húðdeygingu með finni nál. Stingurinn við fínu deyfingarsprautuna meiðir í skamma stund og ef deyfingin hefur verið rétt sett í á svera blóðtökunálin ekki að meiða. Það er þó þannig að rétt eins og með okkur mennina þá stafar öllum spendýrum ógn af nálum og hlutum sem valda stýngjum eða eru reknir inn fyrir húðina. Þó hættan sé nánast engin vita hestar það ekki (rétt eins og börn) og þeir þróa auðveldlega með sér hræðslu- og flóttaviðbragð. Líðan spendýrs við slíkar aðstæður er hræðileg og hryssa í slíkum felmtursham getur ekki staðið kyrr og beðið eftir því að vera stungin. Hið siðferðilega rétta í slíkri stöðu er að hætta við að stinga dýrið í stað þess að þröngva því inn í níðþrönga stíu og halda áfram, eins og lýst hefur verið. Höfum einnig í huga að blóðmerarnar í þessum eCG-íðnaði eru ótamdar og óvanar manneskjum. Þær treysta þeim ekki.

Það má hugsa sér réttmætar undantekningar á því að stinga hesta með holnálum þó þeir séu ótamdir og hræddir. Það er þegar ástæðan er hestinum jafn mikið í hag og búrekstrinum, t.d. ef hestur er veikur og þarf lyf eða rannsókn á blóði til greiningar á veikindum. Þá væri heldur ekki um reglubundna viðburði þjáningar að ræða heldur einungis á meðan nauðsyn bæri til í þágu heilsu hestsins.

Óréttmætt heilsufarstjón

Hvað þá með merar sem hræðast ekki nálarnar og eru rólegir á meðan blóðtöku stendur? (Ef einhverjar slíkar eru til). Þá er einkum það heilsufarslega sem skiptir máli. Rétt eins og hjá okkur mönnum er góð heilsa og það að vera laus við líkamlega vanlíðan ein mikilvægustu

¹ Sjá hér á YouTube: <https://youtu.be/SkHP65O4RUg>

siðferðisverðmæti dýra. **Siðferðilega krafan til skaðleysis er afar rík og ófrávíkjanleg**, ólíkt kröfunni um aukin gæði eða þægindi, sem veikari skylda er við. Það skyldi aldrei viljandi leggja á dýr kvaðir sem skerða heilsu þeirra og líðan, sérstaklega ekki endurtekið og kerfisbundið. Það er erfitt að hugsa sér nokkrar réttmætar undantekningar á slíku. Það er einkum magn blóðtökunnar og afleiðingar blóðtapsins sem eru mjög líklega heilsuspillandi fyrir merarnar í þessum iðnaði á Íslandi.

Í greininni „Blóðmerahald – Hvað segja vísindin?“² skrifaði Rósa Líf Darradóttir lækni og hestaeigandi um tíðni og magn blóðtökunnar hjá blóðmerunum. Þar kom m.a. fram að blóðtökurnar eru langt umfram það magn og tíðni sem viðurkennt hefur verið erlendis að séu mörk öryggis fyrir heilsu hesta. Rósa Líf hefur ítrekað beðið hinn stórtæka blóðmerahaldara Ísteka um að koma fram með þær rannsóknir (eða mælingar) sem forsvarsmenn þeirra vitna í að sanni að blóðtökurnar ógni ekki heilsu meranna en þær eru enn ekki komnar fram. Það verður að teljast líklegt að væru slík gögn fyrir hendi myndi ekki standa á því að opinbera þau. Ekki eru persónuverndarsjónarmið í veginum í tilviki hesta. Þau rök sem Rósa Líf færir fram út frá því sem þekkt eru um blóðtökurnar eru sannfærandi og benda til að merarnar séu settar í heilsufarshættu og líði fyrir það. Enn ítarlegri upplýsingar eru um þennan heilsufarslega háska sem merarnar og fóstur þeirra eru sett í, í afar greinargóðri grein tveggja virtra dýralækna, Barla Barandun og Ewald Isenbügel, um málið.³

Andmæli verjenda blóðmerahalds án sönnunargagna

Engin sönnunargögn hafa komið fram um skaðleysi blóðmerabúskapsins hjá Ísteka en Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, hefur skrifað nokkrar greinar til varnar blóðmerahaldinu. Þann 19. des. sl. skrifaði hann⁴ að „Ísteka hefur aldrei liðið ósæmandi og ómannúðlega meðferð á dýrum“ og nefnir því ýmis stefnumið og „dýravelferðarsamninga“ til stuðnings. Arnþór einangrar vandann og færir sökina á tvö bú sem Ísteka hafi í kjölfarið hætt viðskiptum við. Engin sannindi eru þó færð fram gagnvart fyrrgreindri gagnrýni um þjáningu blóðmera óháð því frá hvaða búi þær koma og heimildamyndin sagði meira en öll orð um hvað er í gangi.

Innistæðulausar vísanir í göfug markmið

Arnþór nefnir verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið, að eCG sé leyft í Evrópu (en nefnir ekki að blóðmerahald sé það ekki) og í skrifum þann 29. des. sl. að framleiðsla og „rétt notkun“ þess hafi „jákvæð áhrif á kolefnisspor landbúnaðar, aukna dýravelferð og dýravernd“. Það þurfi færri dýr til að skila sama afurðamagni. Þó við gæfum okkur að þessar ástæður væru sannar dugir það samt ekki til að réttlæta þjáningarfullt dýrahald og gegndarlausu framleiðslu á hestum í þessum tilgangi. Í **siðferðilegu gildismati gengur þjáningarleysi og heilsufarslegt öryggi einstaklinga alltaf á undan fjárhagslegum hagnaði fyrirtækja eða samfélags**. Um slíka hluti gilda djúpstætt grundaðar skorður á slík athæfi sem eiga sér sögulega hliðstæðu í t.d. mannlegu þrælahaldi. Það er alveg sama hve mikill gróðinn er, að hann á aldrei að byggja á því sem óhjákvæmilega veldur þjáningum og heilsuleysi dýra. Varðandi rökin um kolefnissporið þá ber að hafa í huga að hestar í blóðmerabúskap hér eru orðnir um 5.400 talsins en aðrir hestar um 80 þúsund. Aukinn fjöldi dýra í framleiðslu er það sem eykur mest kolefnissporið, óháð hagkvæmni. Fyrir liggur umsókn Ísteka hjá Umhverfisstofnum um að auka umsvifin í að vinna efnið úr 600 tonnum af blóði árlega. Þetta gæfi fyrirtækinu svigrúm til að halda 20 þúsund hryssur í blóðtökum með tilheyrandi stækkun á kolefnisspori. Það er ljóst að ábendingin um minnkað kolefnisspor er einungis fyrirsláttur því markmið starfseminnar samræmist því ekki.

² Á visir.is þann 16. des. 2021. Hlekkur: <https://www.visir.is/g/20212196811d>

³ Á visir.is þann 8. jan. 2022. Hlekkur: <https://www.visir.is/g/20222205974d>

⁴ Á visir.is. Hlekkur: <https://www.visir.is/g/20212201939d>

Niðurstaða umsagnar

Samantekið er ljóst að vinnsla eCG úr blóði mera er engin nauðsyn og það er til lyfjafræðilegur valkostur (cloprostenol) fyrir þau not sem eCG er framleitt fyrir í þessum massavís. Efnahagslegur ávinningur réttlætir ekki starfsemi sem kerfislægt og endurtekið veldur þjáningu og líklega heilsuleysi dýra. Félag Hrossabænda sendi þann 23. nóv. sl. yfirlýsingu þar sem vinnubrögðin við blóðtöku meranna voru fordæmd. Það var einnig „skýlaus krafa Félags hrossabænda að rannsakað verði það sem fram kemur á myndbandinu ...“.

Að mínu mati finnst mér sökum þess sem ég rakið að fylgja eigi fordæmi þess mikla meirihluta þjóða sem leyfa ekki blóðmerahald eða iðka það ekki (þó leyft sé) sökum siðferðilega óverjandi ástæðna. Við eigum ekki bara að afla tekna, heldur með því móti sem sómi er af. Ég styð eindregið þetta frumvar um bann við blóðmerahaldi á Íslandi.

Virðingarfyllt,

Svanur Sigurbjörnsson, læknir, MA í hagnýtri siðfræði.